



ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1342  
komudagur 13. 2007

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2007

**Efni: Umsögn ASÍ um tillögu til þingsályktunar um mat á heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið, 19. mál.**

ASÍ tekur undir að könnuð verði áhrif stóriðju- og virkjanaframkvæmda á jafnvægi og stöðugleika í íslenska hagkerfinu. Í haustskýrslu hagdeildar ASÍ 2006 sem ber titilinn “Stöðugleiki – forsenda framfara” var ítarlega fjallað um mikilvægi þess að slíkar framkvæmdir séu tímasettar með þeim hætti að efnahagslegu jafnvægi sé ekki stefnt í hættu sbr. meðfylgjandi eintak af skýrslunni.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir  
hagfræðingur

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/1585*  
*komudagur 13.3.2007*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn**

um

þingsályktunartillögu, Þskj. 19 - 19. mál:


*„Tillaga að þingsályktun um mat á heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið.“*

Framtíðarlandið er fylgjandi því að gert verði mat á heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda (þ.m.t. jarðhitavirkjanir) fyrir þjóðarbúið. Framtíðarlandið leggur áherslu á að sýnt verði fram á að slíkt mat verði unnið óháð og án íhlutunar Alþingis, ríkisstofnana eða ríkisfyrirtækja.

Slíkt mat verður að taka til helstu umhverfisþátta, þ.m.t. lands, andrúmslofts, vistkerfis og landslags. Einnig teljum við mikilvægt að í slíku mati verði fjallað um þá sérstöðu sem raforkuiðnaðurinn býr við hér á landi, þ.e. að um hann gilda aðrar leikreglur en fyrirtæki almennt.

Tillögu um stöðvun allra frekari stóriðjuframkvæmda a.m.k. til ársins 2012 teljum við óskylt mál.

F.h. Framtíðarlansins,



Viðar Þorsteinsson, starfsmaður skrifstofu

Reykjavík,  
7. maí 2007

*Framtíðarlandið*  
*Óðinsgötu 7*  
*101 Reykjavík*

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11


Dags.: 28.02.2007

150 REYKJAVÍK

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um mat á heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjunarframkvæmda fyrir þjóðarbúið, 19. mál**

Landsvirkjun vísar til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 16. þ.m., þar sem óskað var eftir umsögn um ofan nefnda þingsályktunartillögu. Landsvirkjun styður eindregið að ráðist verði í þetta mat enda verði það unnið á faglegan hátt. Landsvirkjun hefur fyrirvara hvað varðar greinargerð flutningsmanna með þingsályktunartillögunni en þar er að finna ýmsar fullyrðingar sem fyrirtækið gerir verulegar athugasemdir við.

Virðingarfyllt



Örn Marinósson  
staðgengill forstjóra



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/1422*  
*komudagur 5.3.2007*

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,

Dagsetning  
1. mars 2007

Tilvísun  
A-8  
LÖ/bb

150 Reykjavík.

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar þar sem óskað er umsagnar Ríkisendurskoðunar um tillögu til þingsályktunar um heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið, 19. mál.

Til svars erindinu tekur stofnunin fram að hún sér ekki ástæðu til þess að tjá sig um eða taka sérstaka afstöðu til framangreindrar tillögu.

*sig. post*  
*Samur Gunn.*



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1341  
komudagur 1.3.2007

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

28. febrúar 2007

**Efni: umsögn um tillögu til þingsályktunar um mat á heildararösemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið, 19. mál**

Samorka lýsir stuðningi við þá tillögu að ríkisstjórn verði falið að „láta gera vandað, óháð og gagnsætt þjóðhagslegt mat á arðsemi og heildaráhrifum þess á efnahagslegan stöðugleika og framvindu íslensks þjóðarbúskapar að ráðist verði í frekari stóriðju- og virjanafjárfestingar,“ eins og það er orðað í tillögunni.

Um greinargerðina með tillögunni, þar sem ýmist er til dæmis fullyrt að orkuverðið til stóriðju sé „mjög lágt“ eða kvartað undan „græðgi orkuiðnaðarins“ í sama samhengi, kýs Samorka að hafa sem fæst orð.

Virðingarfyllst,

Guðlaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 133/1421  
komudagur S.3. 2007

1. mars 2007  
SI-32678

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 16. febrúar 2007 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðar-  
búið, 19. mál.

Efni umræddrar þingsályktunartillögu er ekki á sérfræðisviði Seðla-  
bankans. Bankinn tekur því ekki afstöðu til hennar að öðru leyti en að  
taka almennt undir ábendingar OECD um að æskilegt sé að fram fari  
heildstæð og gagnsæ hagkvæmnisgreining á slíkum framkvæmdum.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

Ingimundur Friðriksson  
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 133/1487*  
*komudagur 6.3.2007*

**Alþingi**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 1. mars 2007


*Efni: Tillaga til þingsályktunar um mat á heildararðsemi stjóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda (19. mál)*

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu sem gerir ráð fyrir því að könnuð verði efnahagsleg áhrif stóriðju.

Viðskiptaráð hefur áður rökstutt þá afstöðu sína að það sé ekki hlutverk ríkisins að skapa atvinnu, t.d. með stóriðju, heldur aðeins að skapa hér hagfelld rekstrarskilyrði fyrir fyrirtæki. Það er í stuttu máli vegna þess að dæmin sanna að einkaaðilum er best treystandi til þess að skapa atvinnu og starfrækja atvinnustarfsemi. Þeir eru líklegri en ríkið til að láta eðlileg sjónarmið, eins og arðsemi, ráða för en ekki annarleg sjónarmið, eins og pólitík. Þess vegna er það heldur ekki hlutverk ríkisins að velta sér upp úr arðsemi slíkrar starfsemi. Ef þörf er á úttekt að því tagi sem mælt er fyrir um í tillögunni er eðlilegt að hún sé framkvæmd og kostuð af einkaaðilum sem njóta arðs af slíkum framkvæmdum en sé ekki lögð á skattgreiðendur.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

  
 Davíð Þorláksson  
 Lögfræðingur Viðskiptaráðs  
 MEMBER OF COMMERCE